

From: [Kolbeinn Arnason](#)
To: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#); [Benedikt Arnason](#); [Áslaug Eir Hólmgæirdóttir](#)
Subject: RE: Kallað er eftir skýringum
Date: föstudagur, 5. nóvember 2021 14:39:08

Sæll Valdimar,

Starfsfólk ANR sækir ýmsa fundi, ráðstefnur og málstofur í tengslum við störf sín og fagsvið. Ráðuneytið hefur treyst sínu fólki til þess að meta sjálft hvaða málstofur, erindi eða fundi þau sitja hverju sinni enda oft margt í boði, jafnvel samtímis, á slíkum viðburðum. Jón Þrándur var viðstaddur ráðstefnuna sem haldin var nýverið af hálfu félagsins Strandbúnaðar og flutti þar erindi um leyfisveitingar hins opinbera. Rétt er að Jón Þrándur sat aðalfund Strandbúnaðar í beinu framhaldi af ráðstefnunni og var fundurinn opin öllum, ANR hafði ekki óskað þess sérstaklega að hann sæti þann fund. ANR er ekki hluthafi í Strandbúnaði og gerir ekki athugasemd við að breyting verði gerð á fundargerð og Jón Þrándur skráður sem einstaklingur sem sitji fundinn en ekki fulltrúi ANR.

Kveðja



Kolbeinn Arnason, skrifstofustjóri / Director General

skrifstofa matvælaöryggis og fiskeldis / Department of food safety and aquaculture
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.anr.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Valdimar Ingi Gunnarsson <valdimar@sjavarutvegur.is>

Sent: fimmtudagur, 4. nóvember 2021 07:47

Til: Benedikt Arnason <benedikt.arnason@anr.is>; Áslaug Eir Hólmgæirdóttir <aslaug.holmgæirdottir@anr.is>; Kolbeinn Arnason <kolbeinn.arnason@anr.is>

Efni: Kallað er eftir skýringum

Sæl

Þann 29. október 2021 var haldinn aðalfundur Strandbúnaðar þar sem mætt var stjórn og eigendur félagsins ásamt er virðist fulltrúa úr Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Í fundagerð er Jón Þrándur Stefánsson skráður sem fulltrúi Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis. Undirritaður hefur nú þegar gert í tvígang athugasemd við undirbúning, framkvæmd aðalfundar og jafnframt fundagerð. Fleiri athugasemdir mun berast fundastjóra og stjórn félagsins varðandi aðalafundinn og er verið að vinna í að afla gagna sem seinna verða send.

Í fylgiskjali 1 er yfirlit yfir hluthafa Strandbúnaðar eins og staðan var fyrir aðalfund Strandbúnaðar. Á fundinum bættust við eftirfarandi nýir hluthafar: Arnarlax, Laxar- fiskeldi og Íslenska Kalkþörungafélagið. Það er því ekkert sem bendir til þess að Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti sé hluthafi í Strandbúnaði.

Óskað er eftir upplýsingum um hvort Jón Þrándur mætir á aðalfund Strandabúnaðar sem fulltrúi Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og ef svo er hver var þá tilgangurinn með því að hann mætti á fundinn.

Ef Jón Þrándur mætti ekki fyrir hönd Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis þá mun undirritaður fara fram á að breyting verði gerð á fundargerð. Jón Þrándur verði þá skráður sem einstaklingur en ekki fulltrúi Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis.

Óskað er eftir að svar berist sem fyrst.

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjavarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíður: www.sjavarutvegur.is
www.lagareldi.is
www.sjavarutvegsradstefnan.is